

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

*Akurholt – stofnun lands (Hólsakur), óveruleg deiliskipulagsbreyting.*

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 27. nóvember 2025 óverulega deiliskipulagsbreytingu á deiliskipulagi Akurholts. Breytingin felst í afmörkun nýs lands (Hólsakur) utan um 25 lóðir innan landnýtingarreits ÍB33.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Vesturbyggð, 3.-4. áfangi – uppfærðir byggingarskilmálar, óveruleg deiliskipulagsbreyting.*

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 27. nóvember 2025, óverulega deiliskipulagsbreytingu fyrir Vesturbyggð 3.-4. áfanga. Breytingunni er ætlað að skerpa á skilmálum varðandi 2ja hæða raðhús syðst í skipulaginu. Mænisstefna er skilgreind og mænishæð aukin úr 7,5 m í 9,5 m.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Þorlákshöfn, 3. desember 2025.*

**Sigurður Steinar Ásgeirsson,**  
sviðsstjóri skipulags- og lögfræðisviðs.

---

B deild - Útgáfudagur: 5. desember 2025